1860. 26. maí. gjaldi því, er á þá var lagt, þá eigið þèr að láta taka próf um þessa breytni hans, senda síðan stjórninni eptirrit af prófinu, og leiðbeina því með þeim athugasemdum, sem yður þykir við þurfa . . . . . —

---

26. maí. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arfleiðslu hórgetins barns.**

Með brèfi 6. marzm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Katli bónda Ketilssyni á Seljum í Snæfellsnes sýslu, og biður hann þar um konunglega staðfestingu á erfðaskrá, er hann hafði samið 26. septemberm. f. á., til þess að arfleiða hórgetna dóttur sína, Ágústínu Abizay.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir beiðanda, að þareð arfleiðsla sú, sem hèr er um rætt, er bundin við þann skilmála, að ekki sèu lífserfingjar eptir arfleiðanda látinn, er staðfesting sú, sem um er beðið óþörf, samkvæmt tilsk. 25. septemberm. 1850 20. gr.

---

29. maí. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, viðvíkjandi klögun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu.**

Eptir að dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra amtmaður, dagsett 7. dag febrúarm. þ. á., viðvíkjandi umkvörtun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu í Húnavatnssýslu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu af hálfu yfirvaldanna, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að stjórnin sèr ekki kost á að styrkja hann til að ná neinum bótum í þessu tilliti, en verður að láta hann sjálfan um það, hvort